




Samband íslenskra sveitarfélaga

Tíðindi

1. TBL.
FEBRÚAR
2016





SKIPTA RADDIR UNGS FÓLKS MÁLI? UNGMENNARÁÐ: ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF

Ráðstefnan “Skipta raddir ungs fólks máli?” er hugsuð fyrir þá sem standa að baki ungmennaráðum sveitarfélaga og frjálsra félagasamtaka auk fulltrúa ungmennaráðanna sjálfra. Þeir sem hafa áhuga á störfum ungmennaráða almennt eða vilja koma á laggirnar ungmennaráði eru einnig velkomnir. Á ráðstefnunni verður farið í að skoða hugmyndafræðina á bakvið ungmennaráð, kynnt verða til leiks verkfæri sem ungmennaráð geta nýtt í starfi sínu ásamt því að ungmennaráð sem hafa náð góðum árangri með að virkja ungt fólk til þátttöku og áhrifa munu kynna störf sín.

Árið 2016 verða ungmennaráð og þátttaka ungs fólks í brennidepli hjá Evrópu unga fólksins og er þessi ráðstefna fyrsti hluti af árs löngu verkefni. Það verkefni mun innihalda tvær ráðstefnur um málefni ungmennaráða, fjölþjóðlegt námskeið og

námsferðir erlendis til að sækja þekkingu á starfsemi ungmennaráða og möguleikum til að auka áhrif ungs fólks með því að virkja það til þátttöku.

Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 18. febrúar 2016 frá kl. 10:15 - 16:15 og er ráðstefnugjaldið 3.000 krónur.

Innifalið í ráðstefnugjaldinu eru tvö kaffihlé og glæsilegt hádegisverðarhlaðborð á VOX Restaurant.


Evrópa unga fólksins í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga, SAMFÉS, Umboðsmann barna og Ungmennafélag Íslands standa að ráðstefnunni. Evrópa unga fólksins styrkir ferðakostnað þátttakenda af landsbyggðinni.

[Skráning hér](#) – ath. skráningu lýkur á hádegi mánudaginn 15. febrúar.



EVROPA UNGA FOLKSINS

Verkalýðsfélag Akraness tapar félagsdómsmáli gegn Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Föstudaginn 29. janúar sl. vísaði Félagsdómur frá máli sem Verkalýðsfélag Akraness höfðaði á hendur Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna meints brots á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna aðildar Sambands íslenskra sveitarfélaga að SALEK rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðar frá 27. október 2015.

Félagsdómur vísaði málinu frá og taldi Verkalýðsfélag Akraness ekki hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm fyrir kröfum sínum.

Verkalýðsfélag Akraness hélt því fram fyrir dómi að rammasamkomulagið væri ígildi kjarasamnings þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga teldi sig skuldbundið til fylgja þeirri stefnu sem þar kemur fram.

Samband íslenskra sveitarfélaga mótmælti þessu enda lítur sambandið svo á að rammasamkomulagið sé ekki skuldbindandi um endanlega niðurstöðu kjaraviðræðna þó að sambandið telji sig bundið af því að leggja þau stefnumið sem fram koma í rammasamkomulaginu til

grundvallar í kjaraviðræðum við viðsemjendur sína.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerði þá aðalkröfu að málinu yrði vísað frá dómi enda heyrði meintur ágreiningur ekki undir Félagsdóm. Á þá kröfu sambandsins hefur Félagsdómur fallist og vísað málinu frá. Sambandið er að vonum ánægt með þá niðurstöðu og vonar að þar með ljúki þessum málarekstri og að aðilar geti lokið gerð kjarasamnings vegna félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness, sem starfa hjá Akranesbæ og hafa verið samningslausir frá 1. maí 2015.



Samband íslenskra sveitarfélaga

Námskeið í sjálfsmati og altækri gæðastjórnun

Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 1. töl. 2016



Samband íslenskra sveitarfélaga

Fjárhagsáætlunir sveitarfélaga 2016-2019

Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 2. töl. 2016



Samband íslenskra sveitarfélaga

Fjárhagsáætlunir sveitarfélaga 2016-2019

Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 3. töl. 2016

Fréttabréf um fjárhagsáætlunir sveitarfélaga og námskeið í sjálfsmati og altækri gæðastjórnun

Hag- og upplýsingasvið sambandsins hefur gefið út tvö fréttabréf er varða fjárhagsáætlunir sveitarfélaga árin 2016-2019.

Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2016 kemur fram að á árinu er heldur minni áhersla lögð á niðurgreiðslu lána miðað við fyrri ár en fjárfestingar vaxa milli ára. Ekki er annað að sjá að sú áherslubreyting standi á styrkum stoðum fyrir heildina tekið.

Almennt má segja að samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árið 2016 þá sé afkoma þeirra og fjárhagsstaða í heildina tekið jákvæð. Veltufé frá rekstri er þökkalegt þótt svo að hlutfall þess af heildartekjum standi í stað milli ára. Hafa þer vakandi auga á þróun þess því það ræður miklu um hvernig afkoma sveitarfélaganna þróast. Kostnaðarsamir kjarasamningar marka óhjákvæmilega sín spor í rekstur sveitarfélaganna.

Fjárhagsáætlunir sveitarfélaga 2016-2019

Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árin 2016-2019 fæst nokkuð greinargott yfirlit um hvert stefnir í fjármálum sveitarfélagageirans til næstu ára. Í skýrslunni sem hér fylgir á eftir eru niðurstöður birtar fyrir öll sveitarfélög í heild. Ekki er farið út í niðurbrot á niðurstöðum fyrir einstaka flokka sveitarfélaga eins og gert er þegar unnið er með niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Í heildina tekið þá er útlitið heldur gott í heildina tekið hjá sveitarsjóðum á árunum 2016-2019 miðað við niðurstöður úr fjárhagsáætlunum til fjögurra ára. Rekstrarafgangur fer vaxandi, veltufé frá rekstri vex, lántaka minnkar og veltufjárhlutfall og skuldahlutfall styrkist. Fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum lækka heldur undir lok tímabilsins. Vitaskuld eykst óvissan um endanlega útkomu eftir því sem lengra

líður á áætlunartímabilið. Því gefa þessar niðurstöður fyrst og fremst ákveðnar vísbendingar um í hvaða átt stefnir á ýmsum sviðum í fjármálalegu umhverfi sveitarfélaganna á komandi árum.

Námskeið í sjálfsmati og altækri gæðastjórnun

Þá hefur hag- og upplýsingasvið gefið út skýrslu um námskeið sem haldið var á vegum EIPA (European Institute of Public Administration) í Maastricht í Hollandi og ber heitið Námskeið í sjálfsmati og altækri gæðastjórnun.

CAF (Common Assessment Framework) og TQM (Total Quality Management) eru aðferðir við sjálfsmat opinberra stofnana og sveitarfélaga. Markmið matsins er að aðstoða aðila sem starfa í opinberri stjórnsýslu við að veita gæðaþjónustu í daglegu starfi. Slík gæðastjórnun er mikilvæg forsenda þess að ná bættum árangri í stjórnun og rekstri.

SAMNINGUR UM MENNTAMIÐJU UNDIRRITAÐUR



Við undirritun samstarfssamnings um MenntaMiðju. Frá vinstri: Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Þórður Hjaltsted, formaður Kennarasambands Íslands, Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hellen Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri mennta- og vísindamála hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa undirritað samstarfssamning um MenntaMiðju, samráðsvettvang um skólastarf. Samningurinn nær til þriggja ára og kveður á um aðkomu að rekstri MenntaMiðju.

MenntaMiðja er nýtt og áhrifaríkt form starfsþróunar fyrir kennara og stjórnendur á öllum skólastigum sem byggir meðal annars á jafningjafræðslu. Mismunandi torg eða gáttir (um ákveðin málefni) eru grunneiningar MenntaMiðjunnar og þar fer fram hið raunverulega starf. Viðfangsefni torganna varða t.d. formlegt og óformlegt nám, kennsluáferðir, námsefni, símenntun, starfsþróun, upplýsingamiðlun og fleira.

Uppspretta nýrra hugmynda og þekkingar

MenntaMiðja hefur verið starfrækt síðan 2012 við góðan orðstír. Í hverju verkefni er virkjaður hópur fólks sem hefur þekkingu, áhuga og erindi í margbreytilega umræðu um þróun menntunar og skólamála. Tekist hefur að skapa samráðsvettvang á netinu þar sem fólk kemur saman úr ólíkum áttum, svo úr verður suðupottur nýrra hugmynda og þekkingar.

Auk þess hefur verið opinn vettvangur á Twitter um hríð undir heitinu #menntaspjall sem tengist MenntaMiðju. Þar fara fram fjörlegar umræður um skóla- og menntamál á Íslandi undir stjórn sérfræðinga sem stýra umræðum um afmarkað efni.

MenntaMiðja verður hluti af Menntavísindastofnun og er fyrirhugað að samstarfsaðilar fundi að lágmarki einu sinni á ári. Áhersla er lögð á tengingu milli stofnana, skóla og fræðasamfélagsins með gagnkvæman ávinning allra aðila að leiðarljósi.



Úrskurðarnefnd velferðarmála tekur til starfa

Þann 1. janúar sl. voru úrskurðar- og kærunefndir sem starfað hafa á málefnasviði velferðarráðuneytisins sameinaðar í eina nefnd sem ber heitið: Úrskurðarnefnd velferðarmála. Um nefndina gilda lög nr. 85/2015 en nánari upplýsingar er jafnframt að finna á heimasíðu ráðuneytisins og á vef sambandsins.

Þær stjórnvaldsákvæðanir sem teknar eru innan félagsþjónustu sveitarfélaga (þar með talið um

húsaleigubætur), og áður voru kærnanlegar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála, munu héðan í frá koma til kasta úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur til nefndarinnar er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Aðsetur nefndarinnar er í Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu, 101 Reykjavík.






STAÐA KJARAVIÐRÆÐNA

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur lokið gerð kjarasamninga við 42 af 64 viðsemjendum sambandsins. Niðurstaða kjarasamninganna er í samræmi við þá launastefnu sem lagður var grunnur að með rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar frá 27. október sl. og Samband íslenskra sveitarfélaga er aðili að.

Í gangi eru kjaraviðræður við 12 aðildarfélög Bandalags háskólamanna, Landssamband Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjúkraliðafélag Íslands, Félag tónlistarkennara og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.



SALEK hópurinn

Frá því að rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins var undirritað í október sl. hefur SALEK hópurinn unnið ötullega að undirbúningi þeirrar stefnumótunar sem samstaða er um að vinna að á grundvelli rammasamkomulagsins. Þrátt fyrir að Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands væru ekki aðilar að rammasamkomulaginu, taka fulltrúar þessara samtaka áfram fullan þátt í vinnu SALEK hópsins.

SALEK hópurinn hefur gert aðgerðaáætlun um framgang sameiginlegra verkefna hópsins, sem gildir til ársloka 2018. Stærsta verkefnið er þróun

nýs íslensks vinnumarkaðslíkans, sem stefnt er að því að taka í notkun árið 2019. Til að undirbúa þá vinnu hefur hópurinn ráðið Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, til að gera úttekt á íslenska kjarasamninga- og vinnumarkaðslíkaninu, vega kosti þess og galla og leggja til úrbætur. Holden er virtur sérfræðingur í tilhögun samningamála á Norðurlöndunum og hefur t.d. leitt sambærilega greiningu á norska samningalíkaninu í þriggung.

Sviðsstjóri kjarasviðs situr fyrir hönd sambandsins í SALEK hópnun og aðrir sérfræðingar kjarasviðs koma að vinnu við verkefnið með ýmsum hætti.



Dagur leikskólans

5. febrúar 2016

Dagur leikskólans verður haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins föstudaginn 5. febrúar 2016. Þetta er í níunda sinn sem haldið er upp á daginn.

Við hvetjum alla sem starfa í leikskólum til að halda upp á daginn og nýta hann til þess að kynna hið mikilvæga starf sem fram fer í leikskólum landsins.

Samstarfshóp um Dag leikskólans og Orðsporið skipa eftirtalin: Haraldur Freyr Gíslason, formaður FL, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL, Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Björk Óttarsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis & skóla.

Dagur leikskólans er viðburður á Facebook. Við notum myllumerkið [#dagurleikskolans2016](#).

Orðsporið 2016 verður veitt við hátíðlega athöfn í Bío Paradís klukkan 13.30. Að þessu sinni fellur Orðsporið í hlut þess eða þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum við að fjölga körlum í leikskólum landsins.

Úrslit í samkeppninni um besta tónlistarmyndbandið verða einnig kynnt í Bío Paradís. Veitt verða verðlaun fyrir *besta myndbandið, frumlegasta myndbandið og skemmtilegasta myndbandið.*

Við bjóðum góðan dag – alla daga

Rekstrarvandi hjúkrunarheimila



Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 29. janúar sl., var fjallað um stöðu og rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila, sem sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir reka.

Frá því í janúar 2015 hafa staðið yfir viðræður milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um gerð þjónustusamninga, en hægt gengur að ná niðurstöðu. Fulltrúar hjúkrunarheimilanna hafa lagt áherslu á eftirfarandi þætti í viðræðunum:


1. Greitt sé eðlilegt, sanngjarnt og rétt verð fyrir þjónustu hjúkrunarheimila.
2. Greidd sé húsaleiga til allra hjúkrunarheimila.
3. Gengið sé frá yfirtöku lífeyrisskuldbindinga allra hjúkrunarheimila.
4. Aukinn kostnaður vegna launahækkana sé greiddur hjúkrunarheimilum með réttum og skilvirkum hætti.
5. Útfærslu á smæðarálagi fyrir rekstur lítilla og meðalstórra hjúkrunarheimila.

Sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins hefur tekið þátt í viðæðum SVF við SÍ, sem fulltrúi sambandsins, og hefur þar gætt hagsmuna þeirra hjúkrunarheimila, sem eru rekin með sveitarfélög sem fjárhagslegan bakhjarl, en eru sum hver ekki aðilar að SVF. Hann gerði nánari grein fyrir stöðu málsins á stjórnarfundinum. Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða á fundinum:

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var þann 29. janúar 2016, var staða samninga um daggjöld hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands rædd, svo og erfið fjárhagsstaða hjúkrunarheimila víða um land.

Stjórnin leggur áherslu á að við ákvörðun daggjalda hjúkrunarheimila verði tekið tillit til húsnæðiskostnaðar heimilanna, daggjöldin byggi á kröfulýsingum ríkisins og gæðaviðmiðum Landlæknisembættisins um starfsemi þeirra og smæðarálag sé ákvarðað á þann hátt að lítil hjúkrunarheimili verði gerð rekstrarfær.

Ef ekki er vilji til þess að ganga að þeim kröfum verði hafnar viðræður um að rekstur viðkomandi hjúkrunarheimila færist alfarið til ríkisins. Einnig leggur stjórn sambandsins ríka áherslu á að viðræður um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila hefjist sem fyrst.



Skimunarpróf í lestri á svæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Síðastliðið haust voru nemendur í 9. bekk í fimm skólum á svæði Skóla- og velferðarþjónustu

Árnesþings skimaðir með mælitækinu LOGOS en tilgangur skimunarprófsins var að greina lestrarerfiðleika hjá nemendum. Þeir nemendur sem féllu undir skilgreind viðmið um lestrarvanda var boðið á átta vikna hraðlestrarnámskeið.

Námskeiðið var byggt upp á þann hátt að nemendur lásu þrjár mínútur heima og þrjár mínútur í skóla undir stjórn foreldra og kennara. Sex mínútna lestur fjórum sinnum á viku í átta vikur bar undraverðan árangur. Á töflunni sem fylgir þessar frétt má sjá árangur nemenda Grunnskólans í Þorlákshöfn fyrir og eftir námskeiðið.

Árangur verkefnisins fór fram úr björtustu vonum og áhugavert er að sjá að sex mínútna lestur fjórum sinnum í viku geti bætt árangur nemenda jafn mikið og raun ber vitni.

Hér sannast máltækið góða – æfingin skapar meistarann.

[Frekari upplýsingar um verkefnið má nálgast hér.](#)

STARFSÁÆTLUN SAMBANDSINS 2016

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga í lok janúar sl. var staðfest starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2016.

Í starfsáætluninni er greint frá hlutverki og meginmarkmiðum hvers sviðs sambandsins fyrir sig og yfirstjórnar að auki. Þá eru rakin föst verkefni og síðan eru áhersluatriði ársins 2016 tilgreind. Starfsáætlunin byggir að grunni til á stefnumörkun sambandsins 2014–2018.

Hér er hægt að nálgast [starfsáætlunina](#) og [stefnumörkunina](#).

KARLAR Í YNGRI BARNNA KENNSLU



Ráðstefnan „Karlar í yngri barna kenningu – hvað ætlar þú að gera?“ verður haldin á Grand hótél Reykjavík, föstudaginn 12. febrúar nk.

Að ráðstefnunni standa Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Samráðshópur karlkennara á leikskólastiginu (SKÁL), Samband íslenskra sveitarfélaga, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Ráðstefnustjórar verða Þórður Kristjánsson, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og dr. Þórdís Þórðardóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ.

Þátttökugjald er 10.000 kr. (Veitingar innifaldar). Skráningu lýkur kl. 12 miðvikudaginn 10. febrúar 2016.

Ráðstefnunni verður streymt á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga á slóðinni www.samband.is/beint/.



Saman gegn sóun



Umhverfis- og auðlindaráðherra gaf þann 22. janúar sl. út fyrstu almennu stefnu um úrgangsförvarnir 2016-2027.

Stefnan ber heitið „Saman gegn sóun“ og fjallar um förvarnir gegn myndun úrgangs. Áhersla er lögð á aðgerðum gegn myndun úrgangs tiltekinna úrgangsflokka. Úrgangsförvarnir eiga að stuðla að bættri nýtingu auðlinda. Kastljósinu verður á fyrstu tveimur árum beint að matarúrgangi og hvernig megi draga úr sóun á matvælum.

Í þessu sambandi er enn minnst á matarsóunarverkefni Norrænu félaga á Norðurlöndum, Stóra loftslagsáskorun, sem er að þessu sinni helguð matarsóun. Verkefnið felst í því að bekkir grunnskóla á Norðurlöndum mæla og vigta matarúrgang í eina viku í senn og reyna draga úr matarúrgangi. Þátttaka íslensku nemenda er sú næstbesta á Norðurlöndum. Enn má skrá sig í verkefnið á <http://nordeniskolen.org/is/barattan-gegn-matarsoun> sem stendur til 23. mars. nk.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2016/09

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*